

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Venus Helena

(Um áhrif Drakúla og Maktar myrkranna
á Kristnihald undir Jökli
eftir Halldór Laxness)

Ritgerð til BA-prófs í Almennri bókmenntafræði

Bjarni Bjarnason

2016

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn bókmenntafræði

Venus Helena

**(Um áhrif Drakúla og Maktar myrkranna
á Kristnihald undir Jökli
eftir Halldór Laxness)**

Ritgerð til BA-prófs
Í Almennri bókmenntafræði
Bjarni Bjarnason
Kt: 091165-4659
Leiðbeinandi: Gunnar Theodór Eggertsson
Janúar 2016

Ágrip

Í þessari ritgerð er athugað hvort *Kristnihald undir Jökli* (1968) eftir Halldór Laxness geti verið undir áhrifum frá *Drakúla* (1897) eftir Bram Stoker og/eða *Makt myrkranna* (1901), sem er þýðing/túlkun Valdimars Ásmundsonar á *Drakúla*. Tilfnið til að kanna þetta er margskonar líkendi milli bókanna og athugasemd Halldórs Laxness um *Makt myrkranna* í kaflanum „Að skrifa upp úr sér“ í minningabók hans, *Í túninu heima* frá 1975. Upp eru talin tólf líkendi milli *Kristnihaldsins* og *Drakúla* og átta milli *Kristnihaldsins* og *Maktar myrkranna*. Einnig finnast textabrot í *Kristnihaldinu* og *Makt myrkranna* sem benda til að Halldór hafi orðið fyrir orðavalsáhrifum frá lýsingum í verki Valdimars þegar hann skapaði persónuna Úu.

Efnisyfirlit

Ágrip	3.
Efnisyfirlit	3.
Inngangur.....	4.
I. <i>Drakúla</i>	5.
II. <i>Makt myrkranna</i> , samanburður við <i>Drakúla</i>	6.
III. <i>Kristnihald undir Jökli</i>	14.
IV. Samanburður á <i>Kristnihaldinu</i> og <i>Drakúla</i>	18.
V. Samanburður á <i>Kristnihaldinu</i> og <i>Makt myrkranna</i>	22.
VI. Lokaorð; höfuðbein úr laxi	28.
Heimildaskrá	29.

Inngangur

Í minningabókinni *Í túninu heima*, þar sem Halldór Laxness segir frá uppvaxtarárum sínum er kafli sem heitir; „Að skrifa upp úr sér.“ Fjallar hann þar meðal annars um hvað hann las sem barn. Hann minnst á Ibsen og Björnson, Íslendingasögur, riddarasögur, fornaldarsögur og fleira. Einu sinni dokar hann við verk: „Og ekki má gleyma Makt myrkranna (Bram Stoker) með hinum vinsæla draug Drakúlusi greifa í Karpatafjöllum, sem ekki var síður elskaður þá en núna, og einn besti penni landsins var settur til að þýða: Valdimar Ásmundsson (útg. 1901).“¹

Líklegast er að hann hafi bókina fyrir framan sig er hann skrifar þetta því annars hefði hann varla getað staðfest útgáfuárið. Að hann skuli nefna útgáfuárið er líka sérstakt í ljósi þess að í kaflanum, og víðar í bókinni, nefnir hann fjölmörg verk en tiltekur aldrei útgáfuár. Líklegt er að honum hafi þótt athyglisvert hve skömmu eftir frumútgáfuna bókin kom út, eða aðeins fjórum árum síðar.

Það skyldi þó ekki vera að *Makt myrkranna* hafi verið eftirlætisbók Halldórs Laxness þegar hann óx úr grasi? Í upptalningunni í áðurnefndum kafla lætur hann persónur hinna ýmsu bóka sem hann las sem drengur blandast saman í einn sögusjóð, einn tíma, og endar á að segja: „Með svona frjálsri afstöðu gagnvart tímanum eru því lítil takmörk sett hve hægt er að búa til margar bækur.“²

Laxness er ekki að leyna því að upptaldar bækur og sögupersónur þeirra eiga greiða leið inn í hugarheim hans þar sem þær æxlast og fjölga sér og verða að hans eigin skáldsagnapersónum.

Í þessari ritgerð er spurt hvort að Halldór Laxness hafi við ritun *Kristnihalds undir jökli* sótt sýnilegan innblástur meðal annars í *Drakúla* eftir Bram Stoker³ og/eða *Makt myrkranna*, sem er svo frjálst íslensk þýðing Valdimars Ásmundssonar⁴ á *Drakúla*, að telja verður hann í og með höfund bókarnar.

Til að bregða ljósi á að hve miklum hluta *Makt myrkranna* er þýðing á *Drakúla* og að hve miklum hluta skáldverk Valdmars sjálfs eru bækurnar bornar saman í II. kafla.

Kristnihaldið er borið saman við *Drakúla* annars vegar í kafla. IV og við *Makt myrkranna* hins vegar í kafla V.

¹ Halldór Laxness, *Í túninu heima*, Reykjavík: Helgafell, 1975, bls. 208.

² Halldór Laxness, *Í túninu heima*, bls. 208.

³ 1847-1912

⁴ 1852-1902

Í lokakaflanum *Höfuðbein úr Laxi* er dregin saman niðurstaða úr þessum samanburðum í nokkrum orðum.⁵

I.

Drakúla

Drakúla hefst á því að Jónatan Harker, ungur lögfræðingur er á ferð til Transylvaníu í umboði breskrar lögfræðiskrifstofu. Drakúla greifi hefur fest kaup á gömlum húseignum í London og er Jónatan kominn til Transylvaníu til að ganga frá kaupunum og fræða Greifann um ýmis lögfræðileg atriði. Ekki líður þó á löngu áður en lögfræðingurinn ungi áttar sig á því að hann er fangi í kastala Greifans sem bersýnilega er ekki neinn venjulegur maður. Ef hann á að trúá eigin augum þá á hann hlutdeild í að ferja hræðilegt óargadýr til London, varg sem hika ekki við að ræna ungabarni og kasta í ginið á blóðþyrstum vampírusambýliskonum sínum. Þegar móðir barnsins birtist í kastalanum í leit að afkvæmi sínu lætur Drakúla úlfa sína fá hana í matinn. Við þessar aðstæður tekur Jónatan Harker að spyrja sjálfan sig af og til hvenær hann er að dreyma og hvenær ekki, nokkuð sem Umbi í *Kristnihaldinu* á sameiginlegt með honum eftir skamma dvöl undir jökli á Snæfellsnesi.

Jónatan kemst við illan leik aftur til London eftir flóttu úr kastalanum og hyggst reyna að gleyma reynslunni frá Transylvaníu í heimaborginni en verður ekki að ósk sinni. Drakúla greifi er kominn þangað á undan honum og ekki vill betur til en svo að eiginkona Jónatans, Wilhelmina Murrey, síðar Wilhelmina Harker, verður eitt af eftirlætisfórnlömbum Greifans. Birtist það meðal annars í því að augntennur hennar taka að lengjast og hversast. Ef Jónatan og félögum hans, Dr. Van Helsing og Dr. Swards, tekst ekki að kveða niður Greifann þá mun kona hans smám saman breytast í blóðsugu og enda uppi eilíflega fordæmd. Sagan er margslungin, sérlega vel byggð og margar persónur ógleymanlegar, eins og til dæmis hinn geðsjúki R.M. Reinfield sem reynir, þrátt fyrir hrifningu sína á Drakúla, að hlífa Minu Murrey við honum. Kostar það hann lífið.

Vinirnir, Jónatan Harker, Mina Murrey, Dr. Seward, Dr. Van Helsing, Mr. Quincey P. Morris og Mr. Arthur Holmwood, mynda einskonar krossfarareglu gegn Drakúla og eftir æsi-

⁵ Hugleiðing undirritaðs; *Systrabækurnar Kristnihaldið og Drakúla* var fyrst flutt sem erindi á sænsku í þýðingu Johns Swedenmark á Íslenskum dögum í Málmei 2001. Textar um efnið hafa síðan tvisvar birst eftir undirritaðan í *Lesbók Morgunblaðsins* 17. Janúar 2004, og í ritgerðasafninu *Boðskort í Þjóðarveislu* frá 2009. Í þessari ritgerð má sumstaðar sjá orðalag sem samsvarar orðalagi í eldri textum. Eldra efni hefur alltaf verið endurskoðað, aukið við það eða það grísjáð. Þar sem mikið af eldri efni er sniðgengið kemur fyrir að vísað er á það hafi lesandinn áhuga á að kynna sér tiltekin atriði frekar. Alveg nýtt efni hér er samanburðurinn á milli *Kristnihaldsins* og *Maktar myrkranna*, og milli *Drakúla* og *Maktar myrkranna*, en eldri efni er blandað við nýtt í umfjöllun um *Kristnihaldið* og *Drakúla*.

spennandi eltingarleik alla leið aftur til Transylvaníu ná þau að yfirbuga Greifann. Bókin sem er til vitnis um sögu þeirra er fram sett sem safn dagbókarfærslna, sendibréfa, blaðgreina og læknasjúrнала, sem í heild mynda skýrslu. Þótt *Kristnihald undir Jökli* sé einfaldari í forminu á hún sameiginlegt með *Drakúla* að vera safn beinna athugana á því sem gerist, sem að endingu mynda skýrslu um ótrúlega hluti.

II.

Makt myrkranna, samanburður við Drakúla

Makt myrkranna er fyrsta þýðingin á *Drakúla* yfir á erlent mál, en hún kom fyrst út á íslensku aldamótaárið 1900 sem framhaldssaga í hálfsmánaðaritinu *Fjallkonunni*,⁶ en birtist á bókarformi árið eftir. Þýðandinn, Valdimar Ásmundsson, sem einnig var ritstjóri *Fjallkonunnar*, breytir ekki aðeins titli verksins úr *Drakúla* í *Makt myrkranna*, heldur breytir hann áherslum, skeytir saman persónum, fellir sumar út og skapar enn aðrar frá grunni. Auk þess styttir hann verkið um þrjá fjórðu hluta. Mörg megin einkenni frumverksins halda sér þó; verkið hefst með ferð Jónatans Harkers⁷ til kastala Drakúla í Karpatafjöllum, sú heimsókn endar á flótta hans þaðan, síðan tekur við seinni hlutinn þar sem *Drakúla* er í London sem endar með því í frumverkinu að hann hrekst aftur til Sjöborgarlands þar sem hann er yfirbugaður. Drakúla í *Makt myrkranna* er hins vegar drepinn á nýja heimilinu sínu sem Jónatan hjálpaði honum að festa kaup á, Carfax í London. Valdimar er trúrri fyrri hlutanum í þýðingu/túlkun sinni, en þeim seinni. Í *Makt myrkranna* er seinni hluti *Drakúla* það mikið stytur og breyttur að vel má kalla textann ágríp fremur en þýðingu.

Valdimar er nokkuð trúr frásagnarforminu í fyrri hlutanum sem er samansettur úr dagbókarfærslum Jónatans, en seinni hlutinn samanstendur af hefðbundnum frásagnarköflum. Meðan *Drakúla* er borin fram sem safn texta sem nafnlaus ritsjóri hefur aðeins raðað saman í heild þá hefur rödd ritstjóra *Maktar myrkranna*, sem kemur fram undir höfuðstöfum Bram Stokers, tilheingingu til að blandast textum persóna verksins og taka að minna á rödd alviturs sögumanns.⁸ Til að mynda byrjar kaflinn „Fólkið í Carfax“ sem er að finna undir lok verksins með eftirfarandi hætti: „Það sem stendur í þessum hluta, er tekið eftir skrifuðum blöðum, sem

⁶ Fyrsti hluti með formálanum birtist: 13. Janúar 1900 á baksíðunni.

⁷ Í *Fjallkonunni* nefnir Valdimar hann Tómas Harker.

⁸ „After Harker’s Transylvania episode, Ásmundsson discards Stoker’s concept of the epistolary novel. The Whitby and London sections are presneted in a cursory but otherwise conventiona narritive style with only references to Vilma’s (Mina’s) and Dr. Seward’s diaries as sources.“ Corneel de Roos, Hans. „Makt myrkranna: Mother of all Dracula modifications?“ Letter from Castle Dracula | Official News Bulletin of the Transylvanian Society of Dracula | Issue of 3 Febr 2014, sótt 1. nóvember 2015 af <http://www.mysterious-journeys.com/pdf/letter-feb-2014.pdf>, bls. 7.

fundust eftir Seward yfirlækni geðspítalans í Parfleet, sem áður er nefndur í þessari sögu. Spítali sá, sem Seward veitti forstöðu ...⁹

Mörkin milli sögumannsraddar ritstjórans og svo beinna texta Swards læknis eru svo óljós í kaflanum að umdeilanlegt verður hvort þau séu yfir höfuð til staðar. Þessi framsetning textans er ekki í samræmi við orð ritsjórans að *Makt myrkranna* í hans eigin formála:

„... hvernig þessum blöðum hefur verið raðað saman, svo að þau yrðu að einni heild. Ég hef ekki þurft að gera annað en að draga úr þeim ýmis óþörf smáatvik og láta svo sögufólkið sjálft skýra frá reynslu sinni í þeim sama einfalda búningi, sem blöðin upphaflega eru skrifuð í.“¹⁰

Þessi lýsing er í samræmi við fororð hins nafnlausu ritstjóra *Drakúla* en gildir alls ekki um seinni hlutann af *Makt myrkranna* þar sem rödd óljóss, alviturs sögumanns, greinir frá.¹¹

Formálinn sjálfur skilur þannig *Makt myrkranna* og *Drakúla* strax að og hefur vakið athygli erlendra fræðimanna því með því að undirrita hann með B.S, höfuðstöfum Bram Stokers og dagsetja hann í ágúst árið eftir að bókin kom út í Lundúnum, virðist Valdimar gefa til kynna að hann sé sérstaklega saminn fyrir íslensku útgáfuna og að hún hafi verið tilbúin árið eftir frumútgáfuna. Til þess hefði þurft nokkuð snör handtök. Fræðimenn erlendis virðast almennt ganga út frá að formálinn sé eftir Bram Stoker¹² en ekkert annað en höfuðstafir hans benda þó til að svo sé. Væri formálinn eftir Stoker stæði líklega fullt nafn hans undir honum, enda geta stafirnir B. S. vísað á tilbúinn ritstjóra Valdimars rétt eins og Bram Stoker. Þar sem *Makt myrkranna* er blanda af þýðingu og skáldverki Valdimars sjálfs er hér gengið út frá að einnig formálinn sé hugarsmíð hans. Ekki er útilokað að hann hafi átt í samskiptum við Bram Stoker, ekki síst vegna undarlegra hliðstæðna milli útstrikaðra hugmynda Stokers sem birtast áþekkar í texta Ásmundar, eins og síðar er vikið að, en þar er líkast til um tilviljun að ræða. Hæpið er að gera ráð fyrir að höfundur skrifi inngang að úúrnsnúningi úr verki sínu og aðlagi efni slíks formála að tilbúningnum eftir pöntun og lýsingu þess sem umturnaði verkinu. Höfundur sem þannig undirskipaði sig afbökun annars manns á verki sem honum er þó

⁹ Stoker, Bram. *Makt myrkranna*, þýðandi Valdimar Ásmundsson, Reykjavík: Bókafélagið, 2011, bls, 175.

¹⁰ Sama rit, bls, 3.

¹¹ Formálinn eins og hann birtist í *Makt myrkranna* er strax til staðar í fyrstu birtingu sögunnar í *Fjallkonunni*. Það bendir til að Valdimar hafi verið búinn að þýða/túlka verkið áður en hann tók að birta það í hlutum í blaðinu.

¹² „The most significant fact about this book is the appearance of an original „Author’s Foreword“ by Bram Stoker.“ Miller, Elizabeth. *Reflections on Dracula, Ten essays*, White Rock, BC.Canada: Transylvania press, inc., 1997, bls. 180.

hjártólgið væri kominn inn á sérkennilega braut.¹³ Það er í samræmi við umstokkun verksins í „þýðingu“ Valdimars að hann hafi einnig umbreytt formálanum og því þarf sönnun fyrir því að formálinn sé eftir Bram Stoker sjálfan, áður en gengið er að því sem vísu.¹⁴ Slík sönnun hefur ekki fundist, hvorki af undirrituðum né öðrum.¹⁵

Þau rök sem sést hafa að á formálanum sé annar stíll, og enskari, en í textanum almennt, og því líklega þýðing á formála beint frá Bram Stoker, eru ekki trúleg.¹⁶ Þeir textar sem eru þýddir í bókinni eru ekki sérlega stíllega stirðbusalegir, svo Valdimar virðist ekki hafa átt erfitt með þýðingar. Auk þess fær sá er þetta ritar ekki séð að stíllinn sé stirðari á formálanum en öðrum hlutum bókarinnar, og jafnvel má finna í honum langar og margræðar setningar sem flæða lipurlega. Í bókinni má hins vegar á stöku stað sjá sérkennilegar setningar. Varðandi þá athugasemd Halldórs Laxness sem vitnað er í hér að ofan um að stíll Valdimars sé runninn úr stílvopni eins besta penna landsins, þá er ekki til nein nánari útlekking á hvað hann á við með þeim orðum.¹⁷ Satt er að stíll Valdimars er fjörlegur og í augum nútíma manna ekki forn að sjá. En stíllinn er einnig misjafn og einstaka sinnum eru lýsingar flatar,¹⁸ setningar einfeldningslegar,¹⁹ eða hroðvirknislegar,²⁰ og ofnotkun sömu orða

¹³: „...Ásmundsson actually anchored his story in an existing historical context, in order to enhance its dramatic appeal. Furthermore, Stoker, as the author of the preface, must have been familiar at least with Ásmundsson’s plot concept, so that his remarks about this unforgotten, repulsive crime series, about Jack the Ripper, about the glamorous group of foreign aristocrats and about its disappeared member match Ásmundsson’s modified content, instead of being merely „empty or „misplaced“ references.“ Corneel de Roos, Hans. „Makt myrkranna“, bls. 11.

¹⁴ Þetta er umdeilanlegt atriði og um það segir Dr. Ásgeir Jónsson í eftirmála sínum að *Makt myrkranna*: „Þegar miðað er við skáldaleyfið, sem Valdimar tekur sér við þýðingu á megintexta bókarinnar, er ekki grunlaust um, að hann hafi einnig tekið sér töluvert leyfi við þýðingu formálans, eða jafnvel frumsamið hann. Ekkert skal þó fullyrt í því efni.“ Ásgeir Jónsson, „Drakúla í Bjarnarhöfn“. Stoker, Bram. *Makt myrkranna*, ritstj. Dr. Ásgeir Jónsson, Reykjavík: Bókafélagið, 2011, bls, 206.

¹⁵ „Unfortunately, I could not yet find any correspondence between Stoker and Ásmundsson documenting their cooperation or maybe even friendship.“ Corneel de Roos, Hans. „Makt myrkranna“, bls. 8.

¹⁶ Þetta hefur Hans Corneel de Roos eftir Dr. Ásgeiri Jónssyni í ritgerð sinni: „...The translation of *Dracula* itself, although not loyal to the original text, is written in an extremely vivid and skillful way – that is why I decided to republish it. However, the preface is very clumsy, the sentences are very un-Icelandic and unlike Valdimar – they have much more of an English character.“ Corneel de Roos, Hans. „Makt myrkranna“, bls. 12.

¹⁷ Laxness segir: „og einn besti penni landsins var settur til að þýða: Valdimar Ásmundsson.“ Forvitnilegt væri að vita hvað hann á við með að Valdimar var *settur til* starfsins. Hver setti hann til þess? Valdimar virðist hafa tekið upp á því sjálfur að „þýða“ verkið fyrir *Fjallkonuna* sem hann ritstýrði, en ef einhver fékk hann til verksins hefði mátt gagna úr skugga um hvort sá aðili hefði verið í sambandi við Bram Stoker, eða að minnsta kosti útgefanda hans.

¹⁸ „Hann var svo veikur í höfðinu, að hann gat naumast lesið, og stafaði eins og barn.“ Stoker, Bram. *Makt myrkranna*, þýðandi Valdimar Ásmundsson, Reykjavík: Bókafélagið, 2011, bls . 165.

¹⁹ „Maturinn yðar er á borðinu, en mér liggur á að flýta mér.“ Stoker, Bram. *Makt myrkranna*, bls. 60, skáletrun höfundar. „Læknirinn spurði hana um heilsufar hennar og svaraði hún því öllu mjög kæruleysislega. Hann komast fljótt að því, að hún þjáðist af svefnleysi, hjartslætti og taugateygjum.“ Sama rit, bls. 176. Í seinna dæminu hér má má spyrja hvort eðlilegt sé að segja að einhver þjáist af hjartslætti.

²⁰ „Ég veit ekki hvað langur tími leið, þar til ég rankaði úr eða veruleiki, sem fyrir mig hafði komið.“ Sama rit, bls. 71.

gætir á stöku stað. Sem dæmi má nefna að hlutir eru mjög oft *hálf*-eitthvað, í augum Valdimars: „Hlerarnir voru *hálf*dregnir fyrir gluggana, og var því *hálf*dimmt þar inni. Ég gekk hljóðlega inn í *salinn*. Hinum megin í *salnum* stóðu tvær dyr *hálf*opnar.“²¹

Að skeyta orðinu „hálf“ framan við orð til að komast hjá því að finna betri leið til að skapa stemningu er ekki þróað, úthugað stílbragð höfundar sem hefur legið yfir setningunum. En auðvelt er að finna dæmi um lipran stíl, þar sem með leikandi anda er skrifað um efni sem erfitt er að lýsa:

„En horfið nú á hana – takið eftir henni,“ sagði hann og lyfti kertastjakanum, sem var svo léttur í hendinni á honum sem vaxljós væri, þótt hann væri afar þungur. „Þessi brjóst – skáldin mundu hafa líkt þeim við alabastur²² – mál ykkar hefur engin orð yfir það – blóðlausu vesalingar – hvorki snjór né alabastur – og þessi húð, föst og mjúk, eins og dúnn undir hendinni, og þessi óviðjafnanlegi vöxtur.“

Ég leit til hans; ég sá, að gríman hafði nú dottið af honum, og nú sá ég, að hann var gamall munaðarseggur.

„Og þessar varir,“ sagði hann og lét dálítið bresta í vörunum, og ætlaði bókstaflega að gleypa myndina í sig.²³

Meðal atriða sem aðskilja verkin má nefna að Drakúla greifi í frumverkinu er einbúi sem gengur hæglega í hlutverk ökumanns og ráðskonu og er um margt fyrirtaks gestgjafi meðan Valdimar Ásmundsson skapar vagnakil til að koma Jónatani að höllinni og hina öldnu daufdumbu Nötru²⁴ sem sér um þjónustustörf á heimilinu. Ein ástæðan fyrir þessum tilbúnu „lágstétta“- persónum kann að vera sú að Valdimar lætur Drakúla vera miklu uppteknari af valdastöðu fornra hefðarstétta Evrópu en Drakúla frumtextans er.²⁵ Slíkur greifi verður trúverðugri með ekil og ráðskonu sem sér um hefðbundin kvennastörf en einbúi sem gengur í verk þeirra stétta vandkvæða - og möglunarlaust.

Atriðin sem aðskilja *Makt myrkranna* og *Drakúla* eru annars svo mörg og áhugaverð að vel mætti rannsaka þau í sérstakri ritgerð. Hér skulu því aðeins nokkur þeirra nefnd.

²¹ Bram Stoker, *Makt myrkranna*, bls. 77, skáletrun höfundar.

²² Alabastur eða mjólkursteinn er afbrigði af gífsi og er oft notað sem tálgesteinn í listmuni. Miklar alabastursmyndanir eru m.a. á Ítalíu.

²³ Sama rit, bls. 45.

²⁴ „... sem vakti hjá mér grun um, að hún væri dauf og dumb, eins og síðar kom í ljós ...“ Sama rit, bls. 21. Valdimar lætur hana líklega vera aldna og daufdumba til að sú spurning vakni síður hjá lesandanum hvernig hún fær lífað óáreitt innan um vampírur og apamenn í afskektum kastala Greifans.

²⁵ Vart fer á milli mála í *Makt myrkranna* að aukið veraldlegt vald er lykilmarkmið Drakúla greifa: „...að drottna ungi vinur minn, að drottna, það er það eina, sem nokkurs er vert í lífinu, hvort sem menn drottna yfir vilja mannanna eða hjörtum þeirra.“ Sama rit, bls. 30.

Meðal þeirra má nefna að í *Makt myrkranna* er þjónustustúlka Lúsíu myrt og lögreglan kemur að rannsókn málsins meðan henni er aðeins birluð ólyfjan í *Drakúla* og lögreglan kemur aldrei að því máli. Morðin í *Drakúla* virðast ótengd innbyrðis og vekja ekki athygli lögreglu eða almennings sem tengd mál, en þau gera það í *Makt myrkranna* þar sem Valdimar Ásmundsson skapar rannsóknarlögreglumanninn Barrington sem fæst við þau.²⁶ Viðbót þessi gerir að verkum að á meðan *Drakúla* er hrollvekja má líta á *Makt myrkranna* sem sambræðing hrollvekju og rannsóknarlögreglusögu. Aðrar persónur sem Valdimar skáldar upp eru til dæmis Morton, frændi Lúsíu, Teller sem veitir Pétri Hawkins mikilvægar upplýsingar og nokkrir erlendir aristókratar eins og Koromezzo fursti, markgreifinn Caroman Rubiano og frú Saint Amand. Valdimar leggur svo mikla vinnu í sköpun mannapa sem „voru að allri vöðvagerð líkari öpum en mönnum“²⁷ sem halda til í kjallara hallarinnar í Karpatafjöllum, að í umfjöllun um þá er hægt að virða fyrir sér eigin skáldsagnatexta hans fremur en þýðingu. Djöflameðan sem fer fram í hallarkjallaranum með mannöpunum ásjáandi er dæmi um senu sem Valdimar spinnur upp, fyrstur í röð fjölda seinni tíma túlkenda sögunnar.²⁸ Út úr lýsingunni á djöflameðan má ráða að *Drakúla* eigi samræði við vel vaxna og yndislega stúlku, eins og það er orðað, sem er afmynduð af skelfingu, en hvers varir ljúkast þó upp með munaðarbrosi áður en hún er bitin á barkann.²⁹ Lesandinn fær mynd af konu sem hefur verið rænt, er viti sínu fjær af hræðslu innan um á annað hundrað mannapa, virðiss nauðgað af hvíthærðum manni sem hluta af ritúali, en nær þó að slaka á og njóta kynlífsins síðustu andartökin. Senan er dæmi um að frásögn Valdimars verður stundum of hröð, því lesandi fær á tilfinninguna að ef konan ætti mögulega að geta upplifað munað við þessar kringumstæður, þá vanti að minnsta kosti einhverskonar skýringu inn í textann. Þessa tilfinningu fyrir að sumstaðar hefði mátt staldra við, hugsa hlutina betur og jafnvel segja meira fær lesandi ekki við lestur frumverksins, og er það eitt af því sem skilur að verkin.

Drakúla Valdimars Ásmundssonar er það frábrugðinn *Drakúla* Bram Stokers að kannski er viðeigandi að hann gefur honum nafn sem hvergi er að finna í frumverkinu, Barón Székely³⁰, og skírir seinni hluta bókarinnar eftir honum.

²⁶ Sama rit, bls. 161.

²⁷ Sama rit, bls. 99.

²⁸ „Another innovative feature is that for the first time ever, the Count has a clan or family (uncle, daughter, etc) and a crowd of followers, he even leads group ceremonies and satanic rites – an idea showing up in *Dracula* movies only much later.“ Corneel de Roos, Hans. „*Makt myrkranna*“, bls. 14. Senan er dæmi um hve frumlegur *Drakúlatúlkandi* Valdimar var langt á undan öðrum slíkum.

²⁹ Stoker, Bram. *Makt myrkranna*, bls. 100-101.

³⁰ Nafn á landssvæði í Rúmeníu, en einnig notað sem mannanafn.

Af öllum tilbúnum persónum Valdimars eru tvær áhugaverðastar, bæði í sjálfu sér og vegna þess að hliðstæður þeirra má finna í *Kristnihaldi undir jökli*. Er þar um að ræða nafnlausu hefðarkonu sem birtist af og til í herbergi Jónatans sem á hliðstæðu í Úu í *Kristnihaldinu* og Nötru, áðurnefnda ráðskonu Drakúla, sem sjá má í hliðstæðu við Hnallþóru ráðskonu Jóns Prímusar prests undir jökli.

Natra kemur fyrst við sögu í þriðja kafla og er lýsingin á henni með þeim hætti að þótt Rúmenía sé ekki nýlenda í sögunni þá kemur upp hugmynd Gayatri Spivaks³¹ um tvöfalda þöggun lágstéttakonunnar, *subalter*-nið (undirmálsvera)³² eins og hún nefnir það, sem er alltaf að baki einhvers annars og hefur enga eigin rödd. Lýsingin á Nötru þegar Jónatan kemur fyrst að höllinni í Karpatafjöllum er nánast eins og skilgreiningartexti fyrir undirmálsveruna:

„Þar kom á móti mér gömul kona í ungverskum þjóðbúningi – eða búningi einhverra þeirra þjóða, sem búa um þessar slóðir. – Hún hneigði sig fyrir mér og horfði á mig með undarlegu brosi, sem vakti hjá mér grun um, að hún væri dauf og dumb, eins og síðar kom fram. Ég gaf lítinn gaum að henni, því að ég kom brátt auga á mann, sem stóð að baki hennar og vakti alla eftirtekt mína.“³³

Erfitt er að ráða í hugskot þessarar konu en þegar það er gert í textanum er hún ýmist hrædd, undrandi eða skilningsvana. Jónatan Harker segir svo frá eftir nokkra daga í kastala Greifans í Karpatafjöllum: „Ég hafði oft reynt að tala við hana með bendingum, en það varð árangurslaust;³⁴ hún gat með engu móti skilið mig, en starði á mig hissa og eins og hálfsmeyk.“³⁵ Jónatan veltir mikið fyrir sér hvaðan hún kemur inn í herbergið og hvar hún fer út úr því, en Natra virðist átta sig á hugleiðingum hans og hafa illan bifur á honum. Bendir það til að hún þekki hug Drakúla greifa varðandi hvernig hann vill að hún umgangist Jónatan, sem þýðir að hún er eina manneskjan sem á í nærsamskiptum við Greifann. Í senunni hér að ofan líta þau Drakúla og Natra jafnvel andartak út eins og hjón að taka á móti gesti á dyrastafnum. Undirmálsveran er persónan sem hefur séð hvernig allt fer í rauninni fram í kastalanum, en er raddlaus og ekkert bendir til annars en að hún sé sátt og sjálfri sér næg við

³¹ F. 1942, í Kalkúttu, Indlandi. Er prófessor við Kólumbíu háskóla.

³² Hér er hugtakið *subaltern* þýtt sem *undirmálsvera*, og þá leikið með þá merkingu að slík vera sé líka *undir tungumálinu*.

³³ Stoker, Bram. *Makt myrkranna*, bls. 21.

³⁴ „It is because we must take the subaltern seriously that we cannot speak for her.“ Bertens, Hans. *Literary Theory*, London and New York. Third edition: Routledge Taylor & Francis Group, 2014, bls. 187. Samkvæmt hugmyndum Spivak um undirmálsveruna má álíta að Valdimar hafi haft gott innsæi í helsta vanda henni tengdri, þann að með því að fjalla um hana er fengist við efni sem er svo gott sem ómögulegt að segja frá.

³⁵ Stoker, Bram. *Makt myrkranna*, bls. 81.

aðstæður sem allir aðrir teldu líklega hryllilegar. Eitt sem er sérstak við þessa persónu Valdimars er að í drögum Bram Stokers að Drakúla hefur hann hugmyndir um samskonar persónu og Nötru, en strikar hana út úr handritinu. Um þetta segir Elizabeth Miller í bók sinni *Reflections on Dracula*: „In his earliest notes, his vampire, who is named “Count Wampyr,” resides in Styria, and his cast of characters differs from his final selection. For instance, the Count is given two servants, a deaf mute woman and a silent man.“³⁶ Einhvernvegin á það við almennt hlutskipti undirmálsverunnar að vera strikuð fyrst út,³⁷ vera aðeins til sem ómótuð hugmynd.

Í *Drakúla* koma fyrir þrjár fagrar kvenvampírur í kastala Greifans sem þar eru eins og svipmyndir en í *Makt myrkranna* hefur Valdimar steipt þeim saman í eina, eftirminnilega nafnlausa aðalskonu sem verður þriðja mikilvægasta persóna bókarinnar á eftir Jónatani og Greifanum.

Nafnlausa aðalskonan sem er systkinabarn Drakúla er sterk kona sem hefur lifað lífinu eins og hana lystir, stendur engum að baki hvað hæfileika og gáfur varðar og hefur haft áhrif á stjórn málasögu Evrópu, ef marka má frásögn Greifans. Samtímis telst hún til hinna hálfdaudu, er svo til engum sýnileg og á sína einmannalegu tilveru í skuggum að tjaldarbaki. Valdimar sem var kvæntur Bríeti Bjarnhéðinsdóttur³⁸ kvenréttindafrömuði og útgefanda *Kvennablaðsins* skapar í þessu systkinabarni Drakúla og ráðskonunni Nötru kvenpersónur sem eru áhugaverðar ekki síst frá feminísku sjónarhorni. Í óundirritaðri minningargrein um Valdimar í *Fjallkonunni* 25. apríl 1902. er sagt:

„Hann hóf máls á ýmsum nýjum skoðunum svo sem kvenfrelsi [...] Valdimar var allra manna frjálslyndastur í skoðunum sínum, enda lá honum allra manna þyngst á hjarta hið sanna frelsi andans, málfrelsi, hugsanafrelsi og trúbragðafrelsi.“

Valdimari er einnig lýst sem einstökum bókmenntamanni³⁹ og verða þessar kvenlýsingar sem gefa sterka táknræna mynd af stöðu konunnar almennt því að teljast vandlega ígrundaðar frá hans hendi.

³⁶ Miller, Elizabeth. *Reflections*, bls. 172.

³⁷ Samanber orðalagið fremst í tilvitnuninni; *his earliest notes*.

³⁸ 1856-1940

³⁹ „Af ritum hans skal hér auk blaðamenskunnar sérstaklega nefna Ritreglurnar, sem gefnar hafa verið út sex sinnum og þykja ágæt kennslubók.“ *Fjallkonan* 25.04.1902. Hann bjó útgáfu Sigurðar Kristjánssonar á Íslendingasögnum undir prentun og samdi vísnaðskýringar með sögunum. Þessi útgáfa er eitt af því sem finna má í bókaskápnem hjá Halldóri Laxness er hann er ungur. Halldór Laxness, *Í túninu heima*, bls. 192.

Sé tekið mið af samtímahöfundum hans gætir meira hispursleysi í umfjöllun Valdimars um konur, kynhvöt og kynlíf en almennt gerðist. Ef til vill hefur það verið Halldóri nokkur innblástur að *Kristnihaldinu* því verkin eiga sammerkt að í þeim er fegurð kvenna lýst með eftirminnilegri natni,⁴⁰ eins og sjá má til dæmis á lýsingu Valdimars á kvenmansbrjosti hér að ofan. Í báðum verkunum verður vart annað séð en aðal söguhetjurnar eigi samræði við drauga, nokkuð sem tæplega telst algengur viðburður í skáldsögum.⁴¹ Má gera sér í hugarlund að erfitt hafi verið fyrir íslenskan höfund að vera svo bersögull sem Valdimar var árið 1900 og því er heppilegt fyrir hann á tímum þegar íslenska skáldsagan var enn í mótun að fela texta sinn á bak við það að um þýðingu sé að ræða. Um þetta atriði segir Dr. Ásgeir Jónsson hagfræðingur í eftirmála sínum að útgáfu sinni að *Makti myrkranna* 2011:

„Sem neðanmálssaga er *Makt myrkranna* minnisvarði um gamla og útdauða bókmenntagein, eða gamalt þróunarstig í íslenski bókmenntasögu áður en fyrsta kynslóð íslenskra skáldsagnahöfunda hafði náð að vaxa úr grasi á fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Þá mættu neðanmálssögur lesþörf þjóðarinnar. Það að vera skapandi þýðandi er síðan næsta skrefið á undan því, að skrifa sjálfur sögu eftir erlendri formúlu eða fyrirmynd, en með íslenskt sögusvið.“⁴²

Líkt og með ráðskonuna Nötru má finna í drögum Bram Stoker að *Drakúla* lýsingar á vampírukonu í kastalan Greifans sem svo var felld út. Hún skildi þó eftir sig ummerki í textanum eins og Elizabeth Miller bendir á í *Reflections on Dracula*:

„One unanswered question concerns the female vampire whom Jonathan seems to recognize: „I seemd somehow to know her face, and to know it in connection with some dreamy fear, but could not recollect at the moment how or where“ (3:38). Who is she? Why does she appear familiar? [...] The answer seems to lie in careless editing. This is what the vampire Harker encountered in a chapter that was deleted from the novel. The following line was removed from the original manuscript: „As she spoke I was looking at the fair woman and it suddenly dawned on me that she was the woman, or her image, that I had seen in the tomb on Walpurgis Night.“⁴³

⁴⁰ „Foreldrar svona stúlkna senda þær burt um fermingu að vinna fyrir sér, öskubuskur í höfuðstaðnum. Þá kemur altíeinu uppúr dúrnum að þær eru ekki einhamar. Þegar búið er að færa þær úr þjötunum eru þær drottningar. Þær ná valdi alt í kringum sig þar sem þær eru settar niður...“ Halldór Laxness, *Kristnihald undir Jökli*, Reykjavík: Vaka-Helgafell hf, 1998, bls.92. Spyrja má hvort Halldór Laxness lýsi fullnægingu konu með þessum orðum: „Alt sem var hversdagslegt og í meðallagi, alt sem átti sér takmörk, það hætti að vera til þegar hún kom: heimurinn fullkominn og ekkert skifti leingur máli.“ Sama rit, bls. 170.

⁴¹ Í *Kristnihaldinu* er því lýst með eftirfarandi hætti: „Þú skalt fylgja mér á enda veraldar. Nú kem ég við þig beran. Og með þeirri viðkomu einni saman hafði konan tekið mig til sín allan.“ Sama rit, bls. 285. „...og enn þá finn ég, hvernig hún þrýsti vörunum að hálsi mér með löngum titrandi kossi. Það var eins og ég bráðnaði upp og vissi varla af mér, og tími og rúm yrðu að engu.“ Stoker, Bram. *Makt myrkranna*, bls. 92.

⁴² Ásgeir Jónsson, „Drakúla í Bjarnarhöfn“, Bram Stoker, *Makt myrkranna*, ritstj. Dr. Ásgeir Jónsson, Reykjavík: Bókafélagið, 2011, bls. 193.

⁴³ Miller, Elizabeth. *Reflections*, bls. 177.

Lýsingin á hinni draumkenndu hræðslu í þessari tilvísun er í anda ástandsins sem Jónatan upplifir í kastala Drakúla í félagsskap nafnlausu aðalskonunnar.

Að sjást skuli svona skýr merki milli útstrikaðara persóna sem Bram Stoker hugðist hafa í *Drakúla* og svo persóna sem Valdimar Ásmundson skapar tveimur árum síðar í þýðingu/túlkun á verkinu, hlýtur að teljast með sérstakari tengingum tveggja höfunda. Ánægjulegt væri ef það myndust merki um að þeir hefðu verið í samskiptum sem gætu brugðið ljósi á atriði sem þessi. Meðan svo er ekki er þetta talið vera blanda af tilviljun og næmi Valdimars til að lesa út úr verki Stokers möguleika sem þar lágu þrátt fyrir að hann hefði sjálfur hafnað þeim.

Skoðum nú eitt hugsanlegum afkvæmum *Maktar myrkranna; Kristnihald undir Jökli*.

III.

Kristnihald undir Jökli

Í upphafi *Kristnihalds undir Jökli* hefur biskup Íslands fengið til sín á skrifstofuna ungan guðfræðing sem hann hefur haft augastað á eftir að hann gerði fundargerð árið áður og náði allri þvælnni úr körlunum með meistaralegum hætti. Hann dásamar hinn unga mann fyrir að kunna stenógrafíu og á hljóðrita, gerir hann að umboðsmanni sínum (Umba) og fær honum í hendur erindisbréf til notkunar í því sem hann áætlar (ranglega) verða um þriggja daga rannsóknarreisu á Snæfellsnes þar sem hann á að kanna embættisverk séra Jóns Prímusar. Spurningar sem biskup vill meðal annars fá svör við eru á þá leið; er presturinn genginn af vitinu, eða er hann gáfaðari en við allir hinir?

Umbi leggur upp í leiðangurinn og kynnist undir jökli prestinum sem samkvæmt öllum hefðbundnum stöðlum reynist afleitur embættismaður. Eftir að hafa kynnst honum nokkuð persónulega telur hann Jón Prímus hins vegar vera, ekki síst vegna þess hvernig hann borðar hákarl, góðan prest. Hann dregst smám saman lengra inn í tilveru klerksins en örlagavaldur í lífi hans var kona hans Guðrún Sæmundsdóttir, eða Úa, sem 35 árum áður hljópst brott frá honum á brúðkaupsdaginn til útlanda með vini hans, verkfræðingnum og uppfinningamanninum Guðmundi Sigmundssyni.⁴⁴ Guðmundur Sigmundsson, öðru nafni Dr. Godman Sýngmann, segir í 26. kafla við fornvin sinn: „Ég veit þú ásakar mig; ég ásaka mig

⁴⁴ Einnig kallaður: Mundi Mundason/Grósserinn/Stórgrósserinn/Meistarinn/Veiðimaðurinn/Lord Maitreya/Dr. Godman Sýngmann. Samkvæmt sögunni varð hún ekki strax ástkona hans, heldur ættleiddi hann hana fyrst, enda aldursmunurinn nokkur. „Ég var seytján og Mundi fertugur.“ Halldór Laxness, *Kristnihald*, bls. 251.

sjálfur. Úa var nú einusinni Úa. Ég gat ekki spornað við því. Ég veit þú hefur aldrei náð þér eftir það John. Ég ekki heldur.“⁴⁵

Nokkrum árum áður en Umbi kemur til skjalanna á Snæfellsnesi hefur Dr. Godman borist skilaboð um að Úa sé látin en fær skömmu síðar á öngulinn hjá sér þann stærsta lax sem nokkru sinni hafði bitið á hjá honum.⁴⁶ Dr. Godman telur laxinn varðveita lífskraft Úu og hefur látið hinn íslenska alþýðumann, Jódínus Álfberg, skáld og verkamann, vista hann vandlega innpakkaðann í Snæfellsjökli. Nú er komið að íleiðslu „fyrir tilbeina stillilögmálsins“⁴⁷ eða endurlífgun Úu með hjálp beitarhúsarmanna,⁴⁸ en þótt Dr. Godman látist áður en sú athöfn er fullframin, má lesa söguna sem svo að hún heppnist. Einnig má túlka hana svo að konan sem birtist í kjölfar athafnarinnar sé komin til að vera við útför eiginmanns síns, Dr. Godmans.

Kynni takast með Úu og Umba og þau una vel félagsskap hvors annars. Þegar áður en Úa kemur til sögunnar hefur Jón Prímus óskað þess að Umbi myndi kynnst henni, því þá kynntist hann lífinu, eins og hann segir.⁴⁹ Eftir hvatningu frá Jóni Prímusi um að hann taki Úu að sér fjarlægist hann smámsaman regluramma skýrslunnar sem biskupinn hafði beðið hann um að halda sig við og einbeittir sér þeim mun meira að henni og gætir brátt erótíks undirtóns í samskiptum þeirra. Sagan endar á að eftir að þau Úa og Umbi hafa eytt nótt saman og hún boðið honum heim til sín í gamlan burstabæ þá villist hann um stund í þoku. Úa hverfur og ekkert bendir lengur til að hún sé til nema alltumlykjandi hlátur.⁵⁰

Þótt endirinn sé opinn,⁵¹ þá má sjá þá sögu í lokin að eftir að Umbi hefur kynnst tilveru Jóns Prímussar æ betur, hefur hann á endanum gengið svo langt í því að verða ástfanginn af

⁴⁵ Sama rit, bls. 160.

⁴⁶ Er þetta í samræmi við það sem Fína Jónssen hefur sagt um Úrsúlu ensku og þessar konur í kaflanum *Þáttur af Úrsalei*: „Skrýtnast af öllu þó, að þær eldast ekki. Þær hverfa einn góðan veðurdag einsog fuglar en hrörna ekki; einlægt jafn errilegar og Þórgunna; meira að segja ganga aftur.“ Sama rit, bls. 65.

⁴⁷ Sama rit, bls. 222.

⁴⁸ Um beitarhúsarmennina segir í kafla 29: „Þeir þremmenningar höfðu hinsvegar tekist ferð á hendur hingað á Norðurland þeirra erinda að reisa frá dauðum háan kvenlegan endurborning er svaf í snjónum og myndu ekki sinna öðrum störfum uns því ælunarverki væri lokið.“ Sama rit, bls. 181.

⁴⁹ „Ég vildi að þér ættuð eftir að kynnst þessari konu ungi maður. [...] Þér munduð skilja lífið.“ Sama rit, bls. 93.

⁵⁰ Greiningu á hlátri í Drakúla og Kristnihaldinu eftir undirritaðann má finna í ritgerðasafninu: Bjarni Bjarnason, *Boðskort í Þjóðarveislu: Gildi, bókmennir*, samfélag, Reykjavík: Uppheimar, 2009, bls. 121-127.

⁵¹ „Í skáldsögum Halldórs Laxness [...] er lesandinn skilinn eftir eins og Umbi í enda eða endaleysu *Kristnihalds undir Jökli*, ráfandi um villur í óbyggðum í leit að þjóðbraut. Engri túlkun er haldið að lesandanum, hann er ekki neyddur til að kiggleypa eina tiltekna merkingu.“ Ármann Jakobsson, „Listin að ljúka ekki skáldsögu“, Lesbókin, 1998, sótt 4. október af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/400825/>:

sömu konu og klerkurinn, og verða hryggbrottinn af henni. Þannig upplifir hann mildari útgáfu atburðarins sem markeraði Jón Prímus mest í lífinu.⁵²

Kristnihaldsins hafði verið beðið af eftirvæntingu þegar það kom út 1968 því Halldór hafði einbeitt sér að leikritum og ritgerðum um nokkurra ára skeið og ekki sent frá sér skáldsögu frá því 1960 að *Paradísarheimt* kom út. Með þessum skáldsögum, sem og ritgerðasafninu *Skáldatíma* sem út kom 1963, verður sú breyting á höfunduferli Nóbelskáldsins að hann segir skilið við „alheimsteoríur“,⁵³ og greina má aukin áhrif taóisma í skrifum hans.

Hugmyndaátaka skáldsins verður vart í *Kristnihaldinu* sjálfu, ef maður gefur sér að Halldór leiki sér með tilbrigði við eigið nafn þegar frystur lax er endurlífgaður, eða í það minnsta gerð tilraun til að endurlífga hann, innan verksins. Sé sá lesháttur skoðaður þá mætti líta á Úu sem anímutákn⁵⁴ Halldórs, því hún rís eins og Venus úr nafni hans. Á þá Jón Prímus og Dr. Godman Sýngmann mætti í þessu ljósi líta á sem tvær hliðar á hugsun skáldsins. Þá stæði Dr. Godman fyrir alheimsteoríu hlið Halldórs sem þá mætti skilja táknrænt að deyi eftir að hafa komið hugmyndum sínum til skila. Jón Prímus væri þá hin taóíska hlið Halldórs, sem lifir áfram í ágætri harmóníu við umhverfi sitt þótt ekki sé hann laus við mannlega veikleika.⁵⁵

Sé litið svo á að bragðarefurinn Halldór smeygi sjálfum sér inn í verkið í líki laxins,⁵⁶ þá mætti ef til vill skilja það sem svo að gagnrýnendur og bókmenntafræðingar séu sjófuglarnir

⁵² Þeir Drakúla í *Makt myrkranna* og Jón Prímus eiga sameiginlegt að hafa átt unnustur sem eru vofur, og þeir segja báðir aðalsöguhetjunum, Umba og Harker frá þeim. Jón óskar sér að Umbi kynnist henni ólíkt Drakúla sem ráðleggur Harker að forðast hið geðveika systkinabarn sitt, eins og hann lýsir henni.

⁵³ „Nú kvað við nýjan tón: hann hafði fengið nóg að „alheimsteoríum“ sem öllu áttu að bjarga.“ Pétur Már Ólafsson, „Leyndardómsfull furðusaga“, *Kristnihald undir Jökli*, Reykjavík: Vaka-Helgafell hf, 1998, bls. iii.

⁵⁴ „Jung kallade det kvinnliga komplexet hos mannen *anima* ock det manliga komplexet hos kvinnan *animus*. *Varje man bär inom sig den eviga bilden av kvinnan*, inte av *den* eller *den* kvinnan utan en bestämd kvinnlig bild. Den bild är fundamentalt omedveten, en arsfaktor från urtiden, inpräntad i mannens levande organiska system, en „urbild“ (arkety) av alla tidigare släktens erfarenheter av kvinnan liksom en avlagring av alla de intryck som någonsin gjorts av kvinnan.“ Stevens, Anthony. *Jung, Om hans liv och verk*, þýðandi Philippa Wiking, Nörhaven: Mån-pocket, 1993, bls. 51. Lýsing Jóns Prímusar í *Kristnihaldinu* á gæti vel átt við lýsingu á anímuhugtaki Jungs: „Það er ekki til önnur Úa en sú sem hefur einlægt búið með mér og aldrei horfið mér eina lykkjustund. Hún er nær mér en blóm vallarins og ljós jökulsins því hún er samrunnin andardrætti mín sjálfs.“ Halldór Laxness, *Kristnihald*, bls. 267.

⁵⁵ Í ritgerð undirritaðs *Systrabækurnar Kristnihald undir Jökli og Drakúla* sem birtist í greinasafninu *Boðskort í þjóðarveislu* 2009 er farið út í hvernig sjá má í Jóni Prímus særðan mann sem hefur varið miklum tíma ævi sinnar í ástarsorg eftir eiginkonu sem fór frá honum á brúðkaupsdaginn, bls, 113-116. Áþekkar hugleiðingar má finna á netinu í bloggi Svans Más Snorrasonar bókavarðar um *Kristnihald undir jökli*, en þar segir: „Í bókinni fáum við að vita að þrjátíu og fimm árum fyrr stingur verðandi eiginkona hans af, rétt fyrir brúðkaupið, með besta vini hans til útlanda [...] Með hliðsjón af því áfalli sem séra Jón varð fyrir, skoðunum hans og lífsháttum, er ekki úr vegi að álíta að hann hafi staðnað. Svo virðist sem hann hafi einfaldlega dregið sig inni eigin skel og ekki getað tekist á við þetta áfall.“ Svanur Már Snorrason, „Persónur undir Jökli“, *Ég get bara dælt fyrir þúsundkall*, 2013, sótt 3. Nóv, af: <http://sveppsvepp.blogspot.is/2013/10/personur-undir-jokli.html>

⁵⁶ „En opt um daga brá hann sér í lax líki, ok falsk þá þar sem heitir Fránangrsfors.“ Snorri Sturluson, *Snorra Edda*, ritstj. Heimir Pálsson, Reykjavík: Mál og menning, 1984, bls, 69. Loki bregður sér í líki lax til að fela sig fyrir

sem rífa höfundinn/laxinn í sig með dómum, útlekkingum og túlkunum. Laxinn varð eftir á dyrapalli búngalósins yfir nótt. Þegar Umbi lítur út um gluggann hjá sér að húsi Úu verður hann vitni að eftirfarandi: „En nú ber svo frá að fuglager sem ekki verður tölu á komið iðar og argar yfir túni og bæ. Þarna eru ekki leingur skeglur einar, íbúar bjargsins. Þeir fyll og svartbakur utanaf miðum, grámávur og jafnvel skúmur, eru geingnir til þáttöku í þessum kór; ég sé ekki betur en sumir klóist öfugir í loftinu.“⁵⁷ Er frá líður „túlkunarbardaga“ bókmenntafræðigersins verður „umræðan“ fagaðri, og um síðir óáhugaverð: „... nema nú sátu þeir kyrrir einsog þeir væru að halda fund útaf stórmæli sem hefði gerst, og aðeins einn gargaði í einu. Fleiri og fleiri tóku sig upp og flugu þöglir til hafs.“⁵⁸

Ef til vill hefði mátt ætla að átökin hefðu verið út af engu, túlkun leiði ekki til neins, því hún eyði allri merkingu að lokum. Morguninn eftir íhugar Umbi hvort hann hafi dreymt himnabardagann. En þegar hann í þeim hugleiðingum læðupokast um dyrapallinn rekst hann á höfuðbein úr laxi: „... eitt kroppað og fáíð höfuðbein úr fiski fyrir framan dyr konunnar. Þó konan sem mig hafði dreymt væri eftilvill ekki raunveruleg þá hafði þó hvað sem hver segir legið raunverulegur fiskur á svölunum í nótt.“⁵⁹ Verður Umbi þarna máski vitni að þeirri fiskmáltíð sem hann hefur sjálfur óskað sér heitt í verkinu, og hefur ámalgað við ráðskonuna Hnallþóru. Við þeirri fyrirspurn fær hann skýr svör: „Frk. Hnallþóra: Það hefur ekki verið siður hér undir Jökli að bera heldra fólki fisk. Ég ætla ekki að verða fyrst til að bjóða lærðum manni fisk. Ég mundi verða úthröpuð um alla sýsluna.“⁶⁰

Fiskmáltíðin er ekki fyrir sögumanninn heldur okkur túlkendur sögu hans.

Samkvæmt túlkunarleiðinni sem hér er skoðuð mætti útleggja þetta á þann veg, að þótt Úa/aníma/sál höfundarins, hefði ekki verið raunveruleg, hún hyrfi, þá leiði túlkunin þó alltaf til einhvers. Á endanum er hún ein eftir sem hluti veruleika okkar ef einhver hefur fyrir henni, og liggur þá á víðavangi, samanber heiti kaflans „Raunveruleikinn sem höfuðbein úr fiski.“ Í skjóli þess skal sá er hér ritar, matreiða enn eina túlkunina á *Kristnihaldi undir jökli*, í þeirri von að geta borið fram höfuðbein úr laxi að lokum.⁶¹

goðunum eftir að hafa orðið valdur að dauða Baldurs með mistilteini. Goðin ná honum þó um síðir, og er hefnd þeirra skelfileg. Ef Halldór er hér að vinna með þessa goðsögu í frásögninni af lífmögnun laxins þá felur það ef til vill í sér að við bókmenntafræðilegu brögðunum, sem höfð eru uppi í verkinu, liggi mikil refsing hjá gagnrýnendum ef þau takast ekki og hann næst.

⁵⁷ Halldór Laxness, *Kristnihald*, bls. 257. Ef túlkendur klóast á í loftinu má hugsa sér túlkendur, gagnrýnendur rífast sín í milli um túlkunarleiðir, þótt þeir séu fjarri kjarnanum, laxinum á dyrapallinum.

⁵⁸ Sama rit, bls. 258.

⁵⁹ Sama rit, bls. 262.

⁶⁰ Sama rit, bls. 125.

⁶¹ „Það er gaman að hlusta á fuglana kvaka. En það væri annað en gaman ef fuglarnir væru einlægt að kvaka satt.“ Sama rit, bls. 269. Ef marka má þessi orð Jóns Þrímusar í *Kristnihaldinu* er ekki lykilatriði að það sem undirritaður mávur kvakar í lokaorðunum sé satt.

IV.

Samanburður á *Kristnihaldinu* og *Drakúla*

Það má telja upp margar ástæður fyrir því hvers vegna *Kristnihald undir Jökli* og *Drakúla* ættu ekki að líkjast hið minnsta. *Drakúla*, kom út árið 1897 á hátindi Viktoríutímans á Englandi, en *Kristnihaldið* kom út 1968 á hátindi hippatímabilsins. Gerbreytt viðhorf til jafnréttis og kynlífs ætti að vera nóg til að bækurnar virtust vera hvor frá sinni plánetunni. Á milli þeirra eru að auki tvær heimsstyrjaldir, tvær fallnar kjarnorkusprengrar, súrrealisminn, módernisminn, kvikmyndin, flugið, og djassinn, svo fátt eitt sé nefnt. Önnur bókin er yfirleitt, að ósekju, afgreidd sem afþreyingarverk,⁶² hin flokkuð sem fagurbókmenntir. Allt þetta virðist þó lítilsvert þegar nánar er að gáð og bækurnar lesnar saman. Þá virðast þær helst vera fyrri og seinni hluti sama verks.

Ef við förum betur yfir þetta kemur í ljós hve líkindin eru mikil: Báðar skáldsögurnar hefjast á því að umboðsmaður er sendur á heimsenda þar sem hann síðan kynnist vægast sagt undarlegu fólki. Í *Kristnihaldinu* er Umbi sendur á Snæfellsnes til að kanna ástand kristindómsins þar. Í *Drakúla* er Jónatan Harker, umboðsmaður lögfræðiskrifstofu, sendur til Transylvaníu í Rúmeníu til að fræða Drakúla greifa um hvernig farið er að við kaup á húsnæði í London. Sendisveinarnir tveir, sem réttlæta tilvist sína á staðnum með bréfum frá yfirboðurum, tjá reynslu sína jafnóðum og eru lesendur því nálægt þeim í tíma. Umbi tekur mikilvæg samtöl upp á hljóðrita og skráir síðan meginatriðin í bók en Jónatan Harker heldur dagbók. Báðar bækurnar enda í formi skýrslu.

Báðir lenda ferðalangarnir Jónatan og Umbi í hráslagalegu húsnæði með heldur kaldlyndum konum en er lítið sinnt af gestgjöfunum. Á meðan Drakúla er fjarverandi vegna skyldustarfa er Jónatan Harker einn í hrollköldum kastalanum með þremur lokkandi blóðsugum sem hungrar í blóð hans og á meðan Jón Prímus járnar hesta í nærliggjandi sveitum er Umbi upp á fröken Hnallþóru kominn sem telur það fyrir neðan sína virðingu að bjóða gestum annað en sautján sortir af kökum, en eldar ekki mat. Umba hungrar því í ærlega máltíð líkt og Jónatan Harker þegar hann er skilinn eftir í kastalanum næringarlaus. Það er kaldhæðnislegt, með tilliti til áherslunnar á mat og sult í bókunum þrem að Bram Stoker sagði stundum þá sögu um uppruna verksins að hann hefði borðað yfir sig af krabba eitt sinn með

⁶² „There is also the contention that the novel is not suitable for university courses because it is an inferior work of literature. However, I have used it to introduce students to all of the major elements of fiction, as well as to healthy doses of literary theory.“ Miller, Elizabeth. *Reflections*, bls. 78.

vini sínum og vinnuveitanda, Henry Irving, og af þeim sökum dreymt martröð nóttina á eftir af hálfdánnum manni sem ásótti lifendur.⁶³

Á báðum stöðum, undir jökli og í Karpatafjöllum, er ástand guðshúsanna bágborið, kirkjan á Snæfellsnesi er að hruni komin, og kapellan þar sem Drakúla greifi liggur er óttalegt greni. Í báðum bókunum lenda menn í því að dvelja yfir opnum líkkistum um nótt. Jónatan Harker þráir, áður en yfir líkur, ekkert heitar en að geta skorið hausinn af Drakúla greifa, meðan Umbi þarf að vaka yfir líki Dr. Godmans Sýngmanns, til að gæta þess að suðuramerískur hausaveiðari sargi ekki hausinn af líkinu til að þurrka hann upp. Í 32. kafla *Kristnihaldsins* segir:

„Nótt, dimt í lofti, súld. Beitarhúsamenn sofa á dyrapalli búngalósins undir derinu. Líkið er á sínum stað og kistan opin til höfða og verður lokið ekki dregið fyrir til fulls fyren opinberir aðilar hafa borið það saman við gögn sín. Ég afræð að halla mér í klukkutíma og létta af mér áhyggju í von þess að skaparinn muni einhvernveginn klóra sig framúr vandamálum morgundagins.

Varla hef ég legið leingur en mínútu þegar ég heyri flóttalegt fótatak utanaf bæarhlöðum, eru nú beitarhúsamenn komnir á kreik með höfuðið?“⁶⁴

Beitarhúsamennirnir í *Kristnihaldinu* eiga margt sameiginlegt með sígaununum og Slóvökunum í *Drakúla*, til dæmis það að hjálpa til við að færa handanheimsverur milli staða í þungum kössum.

Í báðum sögum er spurningin um rasjónalisma og trú áleit. Í báðum bókunum koma himnesk fjöll við sögu. Snæfellsjökull er margsinnis notaður sem metafóra fyrir almættið í *Kristnihaldinu*. Í Karpatafjöllum er, samkvæmt landafræði Bram Stokers, snævi þakinn tindur sem nefnist Sæti guðs og er lýst með eftirfarandi hætti í *Drakúla*: „One of my companions touched my arm as we swept round the base of a hill and opened up the lofty, snow-covered peak of a mountain, which seemd, as we wound on our serpentine way, to be right before us: “Look! Isten szek!” - “God’s seat!” -and he crossed himself reverently.“⁶⁵

Síðast en ekki síst eru líkindin á milli Drakúla og Úu sterk. Ekki nóg með að þau sofi bæði í kistum á köldum stöðum, séu ódauðleg, afburða vel gefin, eigi til að vefja um sig þoku, geti umbreyst í dýr, og hafi sterkt kynferðislegt aðdráttarafl, heldur eru þau auk þess sviplík. Í

⁶³ Stoker, Bram. „Introduction“, *Midnight Tales*, ritstj. Peter Haining, London, Peter Owen Publishers, 1990, bls. 9.

⁶⁴ Halldór Laxness, *Kristnihald*, bls. 197.

⁶⁵ Stoker, Bram. *Dracula*, Hertfordshire, Wordworth Editions Limited, 1993, bls. 14.

Kristnihaldinu segir svo um svip Úu: „Sé hægt að kalla andlit sterkvaxið átti það við um konu þessa.“⁶⁶ Í *Drakúla* segir um svip Greifans: „His face was a strong, a very strong, aquiline.“⁶⁷

Megineinkenni andlits beggja er hve sterkleg þau eru, nokkuð sem er ekki oft tekið fram um andlit, að minnsta kosti ekki andlit konu.⁶⁸

Varðandi margvíslegan mun á Úu og Drakúla greifa má kannski helst nefna að ólíkt Drakúla þá er Úa geðþekkt persóna, en það er í samræmi við þá almennu þróun að vampírir urðu venjulegri og mannlegri í bókmenntum eftir því sem lengra leið frá útkomu *Drakúla*.⁶⁹

Ef til vill hafa þau Úa og Drakúla einhvern tíma hist á Íslandi. Alla vega er minnst tvisvar á Ísland í *Drakúla*. Í fyrra skiptið státar Drakúla sig af því að vera skyldur Íslendingum með þessum orðum.

„We, Szekelys have a right to be proud, for in our veins flows the blood of many brave races who fought as the lion fights, for lordship. Here, in the whirlpool of European races, the Ugric tribe bore down from Iceland the fighting spirit which Thor and Wodin gave them, which their Berserkers displayed to such fell intent on the seabords of Europe ...“⁷⁰

Stíflatriði sem verkin eiga sameiginleg er að bæði henta svo vel til leikritauppsetningar að nánast óþarfi er að breyta þeim í leikhandrit, leikarar geta einfaldlega skipt með sér hlutverkum og lesið beint upp úr bókunum. Bendir þetta til að áralangt sýsl Halldórs við leikritaformið árin áður en hann ritaði *Kristnihaldið* hafi haft áhrif á nálgun hans. Bram Stoker var aðstoðarmaður eins kunnasta leikara Lundúna á hans tíma, Sir Henry Irving,⁷¹ og sá um fjármál Lyceum leikhússins. Var *Drakúla* sett á svið þar einu sinni áður en hún kom út. Talið er að hann hafi reynt að telja Irving á að þeir settu verkið aftur á fjalirnar eftir að bókin kom út, og hann léki þá Greifann, en margir telja sig sjá útlitseinkenni leikarans í Greifanum og gera því skóna að Stoker hafi þannig alltaf haft hann í huga sem túlkanda Drakúla á sviði.⁷²

⁶⁶ Halldór Laxness, *Kristnihald*, bls. 271.

⁶⁷ Stoker, Bram. *Dracula*, bls. 23.

⁶⁸ „Hver sem virðir fyrir sér ljósmynd Sigríðar úr Vogum frá blómaskeiði ævi hennar geingur þess ekki dulinn að myndin er af glæsilegum kvenskörungi einsog einlægt hafa verið til á Íslandi, og ekki í fornsögum einum; þó stundum kanski ekki nema ein og ein á öld, [...] Það var ljósmynd þessarar konu sem ég hafði fyrir mér þegar ég var að gera tilraun til að lýsa Úu í *Kristnihaldinu*.“ Halldór Laxness, *Í túninu heima*, bls. 158. Í þessari ritgerð er einblínt á tengsl *Kristnihaldsins* við *Makt myrkranna* og *Drakúla* og reynt að sýna fram á þau. Fjölmarga aðra áhrifavalda má þó nefna í tengslum við *Kristnihaldið*, suma ótvíræða eins og sést í dæminu hér að ofan.

⁶⁹ „In contrast to the „evil-by-definiton“ vampire of Victorian times, today’s fiction has created a niche fo vampires who are attractive, sympathetic, and even nice. One contributing factor is the shift in our attitudes toward individualism, rebellion, and sexuality.“ Miller, Elizabeth. *Reflections*, bls. 26.

⁷⁰ Stoker, Bram. *Dracula*, bls. 33.

⁷¹ 1838-1905.

⁷² Miller, Elizabeth. *Reflections*, bls. 174-176.

Þegar allt er tekið má benda á alla vega tólf mikilvæg atriði sem tengja bækurnar saman:

1. Umboðsmaður fer á heimsenda og kynnist fólki sem aðhyllist sérstök kristin trúarabrigði.
2. Á hinum framandi slóðum eiga þeir Jónatan Harker og Umbi báðir sitt undir bréfum sem þeir hafa með sér frá yfirboðurum.
3. Á þeim útnára heimsins sem aðalsöguhetjurnar eru staddar er fjall sem minnir á Guð.
4. Á báðum stöðum er húsnæði hráslagalegt og ástand kirkjunnar bágborið.
5. Báðir ferðalangar eru hálfpartinn innilokaðir með óframfærnum konum sem tengjast mat.
6. Umbi líkt og Harker, vill burt en kemst ekki. Dvöl beggja dregst stöðugt gegn vilja þeirra.
7. Í báðum sögum lífga afburðafróðir fræðimenn við fagrar konur sem þeir hrífast af. Van Helsing lífgar við Lucy í *Drakúla* Bram Stokers. Í *Kristnihaldinu* lífga beiturhúsarmenn Úu við með aðferð Dr. Godman Sýngmanns.
8. Í báðum sögum lenda menn í því að vaka yfir líkum dauðra um nótt, og í báðum bókum er fjallað um að afhausa lík.
9. Beitarhúsamennirnir í *Kristnihaldinu* eiga það sameiginlegt með sígaunum og Slóvökum að vera sérstakur trúarhópur sem notaður er til að bera kistu/undarlega kassa undir „látnar“ verur á milli staða.
10. Drakúla og Úa eiga alla vega átta eiginleika sameiginlega: I. Þau sofa bæði í kistu/kassa á köldum stað. II. Þau eru bæði ódauðleg. III. Þau eru bæði svo til yfirmáttúrulega fróð og vel gefin. IV. Bæði eiga þau til að vefja um sig þoku. V. Bæði geta umbreynt í dýr. VI. Hvorki Drakúla né Úa sjást nokkurn tíma borða venjulegan mat. VII. Bæði hafa mikið kynferðislegt aðdráttarafl. VIII. Þau eru sviplík.⁷³

⁷³ „Ekki vitað til þess að þær konur læsu bók, en aldrei hefur lærdur maður rekið þær á gat. Skrýtnast af öllu þó, að þær eldast ekki.“ Halldór Laxness, *Kristnihald*, bls. 65. Síðar segir um eiginleika Úu: „...hafi aldrei þvegið sér?“

11. Transylvaníu hluti Drakúla, sem virðist vera Halldóri Laxness innblástur við ritun *Kristnihaldsins*, endar á flóttu Jónatans Harkers frá kastala Drakúla, en *Kristnihaldið* endar á flóttu Umba frá koti Úu.

12. Ofan á þetta bætist að form sagnanna er líkt því þær enda báðar sem skýrslur um óútskýranlega atburði.

Eftir lestur beggja verka situr lesandinn uppi með þá tilfinningu að lífið sé dularfyllra en hann taldi er hann opnaði þau. Til að komast nánar inn í hvernig sú kennd er töfruð fram hjá lesandanum mætti að fjalla um hugsunina bakvið verkin og dulspekina sem þar er stunduð. Við sleppum því þó að fara inn um þær gáttir því við kæmumst líklega aldrei út aftur. En handan við landið þar sem rasjónalisminn og dulspekin stríða virðist taka við hlátur, ef marka má *Kristnihalið* og *Drakúla*.⁷⁴

V.

Samanburður á *Kristnihaldinu* og *Makt myrkranna*

Í eftirmála að útgáfu sinni á *Makt myrkranna* 2011 rekur Dr. Ásgeir Jónsson hagfræðingur rök undirritaðs fyrir hliðstæðunum milli *Drakúla* og *Kristnihalds undir Jökli* eins og þau birtust í Lesbók Morgunblaðsins 17. janúar 2004,⁷⁵ en þar voru talin nú af þeim tólf atriðum sem hér eru nefnd í IV. kafla. Að því búnu segir hann:

„Röksemdafærsla Bjarna er skörp, en hann hefur greinilega ekki lesið sömu bók um greifann grimma og Halldór – það er, *Makt myrkranna* – heldur aðeins *Drakúla* á frummálinu. Það torveldar honum mjög að para saman persónur á milli bókanna. Ef *Kristnihald undir Jökli* og *Makt myrkranna* eru lesnar saman, eru líkindi milli sögupersóna svo augljós að þær mega með sanni kallast systrabækur. Svo má raunar heita að nær allar persónur úr *Makt myrkranna* birtist aftur í bók Halldórs, en þeim er þó oft verulega umbreytt og snúið.“⁷⁶

Það er rétt hjá Dr. Ásgeiri að samanburður undirritaðs í eldri textum var aðeins á milli *Kristnihalds undir Jökli* og *Drakúla*. Þó var það *Makt myrkranna* sem í umfjölluninni tengdi

[...] Hún var einlægt hrein [...] Leit aldrei í bók? [...] Vissi alt [...] Og aldrei sá neinn hana borða? [...] Sísödd. Sísæl [...] Sáuð þér hana sofa séra Jón? [...] Onei ekki sá ég nú það.“ Halldór Laxness, *Kristnihaldið*, bls. 92.

⁷⁴ Í ritgerð undirritaðs *Systrabækurnar Kristnihald undir Jökli og Drakúla*, í ritgerðasafninu *Boðskort í Þjóðarveislu* frá 2009 er fjallað sérstaklega um hlátur í *Drakúla* og *Kristnihaldi undir Jökli*, bls 121-127.

⁷⁵ Á listanum sem Ásgeir vísar til eru atriðin sem tengja bækurnar 9. en í kafla IV eru þau 12.

⁷⁶ Ásgeir Jónsson, “*Drakúla í Bjarnarhöfn*”, bls, 215.

Þessar bækur saman í gegnum athugasemdir Halldórs um hana í minningabókinni *Í túninu heima*. Þannig að þótt einblínt væri á *Drakúla* og *Kristnihaldið* þá útilokaði undirritaður ekki að *Makt myrkranna* gæti verið meiri innblástur að *Kristnihaldinu* en *Drakúla*. Í ritgerð undirritaðs í greinasafninu *Boðskort í þjóðarveislu* sem kom út hjá Uppheimum 2009, tveimur árum áður en útgáfa Dr. Ásgeirs á *Makt myrkranna* kom út segir í neðanmálgrein:

„Ef maður hugsar sér að Laxness hafi bara lesið *Makt myrkranna* en ekki lesið *Drakúla* á ensku þá gildir ritgerðin engu að síður, þótt viss atriði verði með öðrum hætti, til dæmis varðandi Sæti guðs, í Karpatafjöllum, sem Valdimar Ásmundsson steypir út úr bókinni. Annað kemur þá á móti og gerir *Kristnihaldið* og *Makt myrkranna* líkari en *Drakúla* og *Kristnihaldið*.“ (132)

Þannig hefur verið ljóst lengi að allt eins mætti tengja *Kristnihaldið* við *Makt myrkranna* eins og *Drakúla*. Og reyndar er nauðsynlegt að gera það með skipulögðum hætti ef fást á nokkuð heilleg mynd af hversslags innblástur Halldór kann að hafa sótt í þessi verk.

Mjög margar augljósar hliðstæður milli *Kristnihaldsins* og *Makts myrkranna* blasa við eftir lestur bókanna og eru sumar þeirra þær sömu og milli *Kristnihaldsins* og *Drakúla* eins og nærri má geta. Ef við byrjum á að bera samsvörunarlistann milli *Kristnihaldsins* og *Drakúla* upp að *Makt myrkranna* virðist sem að af atriðunum tólf sem nefnd eru í IV. kafla þessarar ritgerðar geti að minnsta kosti átta þeirra allt eins tengt saman *Kristnihaldið* og *Makt myrkranna*, en það eru atriði: 1,2,5,6,7,9,10 og 11. Sum atriðin taka nokkrum breytingum, eins og níunda atriðið sem rekur tengsl milli Úu og *Drakúla* greifa. Er kemur að *Makt myrkranna* þá má vissulega sjá einhver tengsl milli Úu og *Drakúla* eins og hann er þar, en þó fremur milli Úu og nafnlausu aðalskonunnar. Ef einhverja merkingu hefur að tala um styrk tengslanna milli *Drakúla* og *Kristnihaldsins* annars vegar, og styrk tengslanna milli *Kristnihaldsins* og *Maktar myrkranna* hins vegar, þá segja svona tölur lítið sem ekkert. Þær benda þó til að þegar kemur að heildarbyggingu *Kristnihaldsins*, þá má rétt eins nefna *Makt myrkranna* sem mögulega hugmyndauppsprettu eins og *Drakúla*.

Til að skoða hugsanleg tengsl milli *Maktar myrkranna* og *Kristnihaldsins* betur er vænlegt að skoða einstök atriði, og eintakar persónur nánar.

Ef bygging er skoðuð framan af þá má finna samsvörun á milli formálans að *Makt myrkranna* og inngangsköflum *Kristnihaldsins* á skrifstofu biskups, því niðurstaðan úr þeim er sú sama um hversslags form framhaldið skal taka á sig. „Skrifa þurrt,“⁷⁷ segir biskup, og Umbi er einatt að myndast við að gera úr garði skýrslu sem hann sjálfur stendur utan við án

⁷⁷ Halldór Laxness, *Kristnihald*, bls. 15.

þáttöku og túlkunar. Viðleitni þessi fer smám saman úr böndunum. Til dæmis er hann ekki minni þátttakandi í atburðarás sögunnar en svo að þegar hestamaðurinn Helgi á Torfhvalastöðu og beitarhúsarmenn eru í miðju kafi við kosmóbíólógíska lífmögnun á Úu/laxi, þá getur hann ekki stillt sig um afskiptasemi sem verður til þess að Helgi heldur lífmögnunarávarp. Í beinu framhaldi af því stígur Úa inn í söguna og býður gott kvöld. Hún segir síðar beinlínis að Umbi hafi vakið hana upp,⁷⁸ sem gefur til kynna að þátttaka hans í lífmögnuninni hafi kannski verið lykilatriðið í uppvakningu hennar fremur en epagógík og astróbíólógía Dr. Godman Sýngmanns.

Fyrstu kaflar og inngangurinn, eiga sem sagt sameiginlegt að reyna að telja lesanda trú um að við séum að fara að lesa eitthvað í ætt við skýrslu, þar sem enginn sérstakur sögumaður, eða talsmaður Plús X, ritskoðar og ræður öllu.⁷⁹ Síðan er ferðalagi lýst í bókunum báðum. Að þeim loknum eru þeir Umbi og Harker báðir komnir í sérstök húsakynni þar sem ráðskonurnar, Hnallþóra og Natra, eru ekki eins og fólk er flest.

Vert er að staldra betur við samsvörunina milli þeirra Hnallþóru og Nötru.

Auðvelt er að greina feminískan undirtón þegar höfundur lýsir konu eins og Hnallþóru sem er svo lágt sett í samfélaginu að henni þykir ekkert sjálfsagðara en að aldrei hafi neitt komið fyrir hana,⁸⁰ að hún eigi ekki neitt, að hún eigi ekki skilið að búa við lúxus eins og rafmagn,⁸¹ og að hún sé ekki nógu góð til að vera innandyra ef mektarfólk flykkist að staðnum. Þá hyggist hún láta sig hverfa, en sú ætlan, sem lýsir einu litlu, persónulegu uppreisninni í verkinu, gerir hana einmitt sýnilega. Athygli vekur er persóna sem leggur sig fram um að vera lítið sem ekkert, hyggst bæta við það hlutskipti að taka engan þátt í því sem fram fer: „... þá loka ég bænum og einginn skal hafa neitt af mér hvorki lífs né liðinn og hafið þér það séra Jón.“⁸²

Eina sem hún getur gert til að virkilega tjá sig er að segja að hún sé enn meira farin og ekki til staðar en ævinlega. Ef til vill má ætla að það sé einmitt það sem undirmálsveran (*e.subaltern*) segði hefði hún rödd. Ef reynt er að gera hana þó að því sem hún virðist vera,

⁷⁸ „Skiljið þér ekki að þér hafið vakið mig upp?“ Halldór Laxness, *Kristnihaldið*, bls. 285.

⁷⁹ „Hver er plús Ex? Það er sú boðflenna með aungu nafni og óglöggu vegabréfi sem ævinlega er viðstödd líkt og gluggagægir hvar sem gripið er ofaní skáldsögu.“ Halldór Laxness, „Persónulegar minnisgreinar um skáldsögur og leikrit“, *Upphaf mannúðarstefnu*, Reykjavík, Helgafell, 1965, bls. 73.

⁸⁰ Hnallþóra lýsir því í 5. Kafla að hafa sem unglingsstúlka séð Hulduhrút, en endar þá frásögn á að segja: „Og síðan hef ég sjálf aldrei séð neitt sem kallað er að sjá. Og aldrei neitt komið fyrir mig.“ Halldór Laxness, *Kristnihaldið*, bls. 32

⁸¹ Reyndar má efast um að hún búi á því sem menn kalla heimili yfir höfuð: „Í rauninni ekki um heimili að ræða heldur.“ Sama rit, bls. 113.

⁸² Sama rit, bls. 150.

ráðskonu, segir hún: „Ég er bara hérna. Ég fylgi staðnum.“⁸³ Þegar Umbi forvitnast um uppruna hennar þá kveðst hún bara vera ofan úr fjallinu: „Ég er ekki komin af sérstakri ætt. Það eru aðrir það.“⁸⁴

Nötru í *Makt myrkranna*, sem einmitt er bara á staðnum, er lýst sem daufri og dumbri og samkipti Harkers við hana rísa tæplega undir nafni sem slík. Um Hnallþóru segir Umbi framarlega í „skýrslunni“: „Óskar eftilvill eftir eilífri þögn og líður illa á sál og líkama ef yrt er á hana að fyrri bragði.“⁸⁵

Natra og Hnallþóra eiga það sammerkt að vera konur með svo sterka fjarveru, svo afgerandi enga eigin tilveru, skort á því sem fólk kallar að eiga sitt eigið líf, að freistandi er að álykta sem svo að höfundarnir dragi meðvitað með þeim fram hlutskipti margra kvenna eins og það hefur margoft verið í gegnum tíðina og er enn í ótal tilfellum. Hafi Laxness hrifist af *Makt myrkranna* og sótt í hana innblástur þá hefur hann ekki aðeins heillast af persónunum í forgrunni sem eiga sviðið mest megnis, heldur hefur Natra leitað á huga hans og hann lagt sig fram um að skoða *andmannveru*, ef svo má segja; konu sem oft er upplifuð sem kómísk persóna en býr þó yfir tregafyllri þáttum þegar hún er skoðuð nánar. Hrópandi er andstæða hennar við Dr. Godman Sýngmann, sem virðist hafa sigrað heiminn, átt mörg líf, margar konur, reynir að tylla sér á bekk meðal guðanna til að ráðskast með líf og dauða og talar eins og klassískur brjálaður vísindamaður þegar hann vill gera alla menn ódauðlega: „Við látum ekki staðar numið fyren tekist hefur með tilbeina stillilögmálsins að magna hér líf sem getur ekki dáið ...“⁸⁶

Bent hefur verið á samsvörun á milli beitarhúsmanna *Kristnihaldsins* og sígaunanna í *Drakúla* sem eiga sammerkt að bera dularfullar hirslur látinna, eða hálf-látinna, einstaklinga milli staða. Hliðstæða er jafnframt milli beitarhúsmannanna og Tataranna í *Makt myrkranna* af sömu sökum, en athyglisvert er að apamennirnir í þýðingu/skáldverki Valdimars Ásmundssonar, virðast sömuleiðis smeygja sér inn í beitarhúsmennina: „Vér erum elskufullir blómgæfir apar, segir skeggur sá sem hefur orð fyrir þeim ...“⁸⁷

Vafi leikur á hversu elskufullir þessir blómagæfu menn eru, því þeir leika sér að því að drepa sjófugla og telja morð æðstu skemmtun mannanna, framin í nafni ástarinnar.⁸⁸ Einnig er gælt við þá hugmynd að beitarhúsarmenn séu uppvakningar af sama tagi og Úa reynist um

⁸³ Sama rit, bls. 27.

⁸⁴ Sama rit, bls. 28.

⁸⁵ Sama rit, bls. 26.

⁸⁶ Sama rit, bls. 162.

⁸⁷ Sama rit, bls. 132.

⁸⁸ „Af hverju ferðumst við bandaríkamenn yfir hálfan hnöttinn með flóknustu byssur veraldarsögunnar að skjóta nakta kotbændur [...] af því við elskum þessa menn ...“ Sama rit, bls. 137.

síðir líkast til vera því eins og einn þeirra segir þá hefur Lord Maitreya, sem er eitt af mörgum nöfnum Dr. Godmans Sýngmanns: „... kveikt okkur í mansmynd, með kosmóbíólógískri íleiðslu ...“⁸⁹

Þannig má sjá beitarhúsamennina sem ára Dr. Godmans, en bæði hann og Drakúla greifi í *Makt myrkranna* eru gerðir að fulltrúum tærrar illsku í bókunum. Þetta blasir við um Drakúla greifa í *Makt myrkranna*, en er aðeins undir yfirborðinu í *Kristnihaldinu*. Þó er það líka sagt beint af Jesúgervingi⁹⁰ og dýrlingsmynd⁹¹ sögunnar Jóni Prímusi er hann talar um Grósserinn og Úú: „Í raun réttir var henni ekki stolið. Við leiðum stundum djöfulinn í freistni einsog séra Jens heitinn sagði; og það á maður ekki að gera.“⁹²

Líta má á langt samtal þeirra Dr. Godmans⁹³ Sýngmanns í 26. og 27. kafla sem hliðstæðu við Matteus 4. í Nýja Testamenntinu þegar djöfullin freistar Jesú úti í eyðmörkinni. Í samtali þeirra fornvina notar Sýngmann orðið djöfull fimm sinnum, og reynir að gera það saklaust með eigin útleggingu á því. Bætir svo við að hann hafi skilgreint djöfla efnafræðilega. Hann sættir sig ekki við sköpunarverkið, kveðst ekki taka það gilt,⁹⁴ og vill breyta því. Hann kveðst hafa unnið að því ævilangt að endurbæta morðvopn, „af því ég veit af reynslu að morðvopn er sá einn hlutur sem mark er tekið á hér á jörðu.“⁹⁵ Vel mætti kalla hann það sem Van Helsing segir um Greifann og vitorðsmenn hans í *Makt myrkranna*, „óvini mannkynsins.“⁹⁶ Það megineinkenni djöfulsins, að geta ekki elskað, á við hann: „Heyrðu John, hvurnin er hægt að elska guð? Og hvaða ástæða er til þess? Að elska, er það ekki undanfari hvílubragða ...“⁹⁷

Líkt og í Mattheusarguspjalli, 4. kafla. 9. versni endar samtalið á að auðmaðurinn Dr. Godman býður á vissan hátt fram heiminn;⁹⁸ eða að senda Jóni það með pósti sem ekki fæst á Íslandi. Jón segist á móti vel geta látið hann hafa aura. Dr. Godman býður Jóni það sem hann elskar mest, Úú, upprisna, en hann hefur ekki meiri áhuga á fundi við hana en svo að er hún

⁸⁹ Sama rit, bls. 134.

⁹⁰ „Séra Jón Prímus gæti vel verið ein útgáfa af hinum bókmenntalega jesúgervingi ...“ Gunnar Kristjánsson dr. theol, „Kassafjalir í gluggum, um embættisrækslu séra Jóns Prímusar“, *Ritröð Guðfræðistofnunar*, Reykjavík, 2009, bls. 19. En kannski þarf ekki að fara í langar útlekkingar til að komast að þeirri niðurstöðu að Laxness hugsar Jón Prímus sem Jesúgerving. Í minningabókinni *Í túninu heima* segir hann: „Ef nafnið „Jesús“ á að vera eftirlíking af hebresku eða arameísku, virðist algeingasta karlmannsnafngyðinga hafa verið tekið til fyrirmyndar; nafnið samsvarar Jóni hjá okkur. Halldór Laxness, *Í túninu heima*, bls. 140.

⁹¹ „Í þessu efni birtist séra Jón í raun sem nokkurs konar dýrlingur, ...“ Gunnar Kristjánsson, „Kassafjalir“, bls. 15.

⁹² Halldór Laxness, *Kristnihald*, bls. 94.

⁹³ Líta má svo á að *hubris* verkfræðingsins birtist meðal annars í nafninu *Godman*.

⁹⁴ Sama rit, bls. 160.

⁹⁵ Sama rit, bls. 164.

⁹⁶ Bram Stoker, *Makt myrkranna*, bls. 173.

⁹⁷ Halldór Laxness, *Kristnihald*, bls. 166.

⁹⁸ „Allt þetta mun ég gefa þér ef þú fellur fram og tilbiður mig.“ „Nýja Testamentið“, *Biblían*, Reykjavík, Hið íslenska biblíufélag, JPV útgáfa, 2011, bls .7.

birtist í sögunni fer hann heldur að gera við hraðfrystihús. Það er aðeins gagnvart Dr. Godman sem Jón beitir sér eitthvað sem kennimaður. Þótt hann segi ekki annað en að hann hafi þá kenningu að vatn sé gott þá felur hún í sér að hann álíti sköpunarverkið gott og gilt í sjálfu sér. Það staðfestist í líkræðunni sem hann heldur nauðugur yfir Gróssernum er hann vitnar í Rómverjabréfið, kafla 14, vers 7-8.⁹⁹

Þau textalegu tengsl milli *Kristnihaldsins* og *Makt myrkranna* sem er einfaldast að rekja varða Úu og nafnlausu aðalskonuna. Þær eiga margt augljóslega sameiginlegt, eins og að vera kynbættar manneskjur.¹⁰⁰ Til að sjá textasamsvörunina skýrt er best að vitna fyrst í nokkra staði í *Kristnihaldinu* og svo nokkra staði í *Makt myrkranna*.

Í lok 37 kafla eftir að Úa hefur kvittað fyrir móttöku á laxi, segir í *Kristnihaldinu*: „... og setur eitthvert nafn undir, „systir Helena“ eða þvíumlíkt sýnist mér.“¹⁰¹

Í næsta kafla, þegar Umbi spyr út í hvaða nafn hún hripaði á blaðið, segir Úa: „Ég var einusinni í spænksu klaustri og tók á móti soðningu við portið og var kölluð Elena.“¹⁰²

Í kafla 38. er Umbi kominn inn í bungalóinn til hennar, horfir á hana aðdáunaraugum og við fáum þessa lýsingu á henni: „Hún hefur hárið sett uppí grískan hnút einsog Venus de Milo, það er kallað þvottakonuhnútur hér á landi.“¹⁰³

Þegar hann sér Úu, fáklædda undir kulfi sínum, greinir hann svo frá: „... sýnist mér hún staðfesta þá kenningu að konur hafi ekki náð fegurð sem skírskotar til steinaldarmanna samkvæmt reglu Willendorfsvenusarinnar fyren þær eru komnar um fimtugt ...“¹⁰⁴

Í 44. kafla talar Umbi um tengsl sín við Úu. Þar segir: „... gullöld grikkja með þvottakonuhnútinum og Venus úr Villensþorpi óbrotin og einskær ...“¹⁰⁵

Af þessari stuttu tilvitnanasamantekt er ljóst að nöfnin Venus og Helena eru notuð um Úu í *Kristnihaldinu* og vel má sjá hana fyrir sér með grískan hnút í hárinu. Forvitnilegt getur verið að bera þá vitneskju upp að textanum í *Makt myrkranna*.

⁹⁹ „Því að enginn okkar lifir sjálfum sér og enginn deyr sjálfum sér. Ef við lifum, lifum við Drottni, ef við deyjum, deyjum við Drottni.“ „Nýja Testamenntið“, *Biblían*, bls. 201.

¹⁰⁰ „... heppnast hið langa starf ef til vill einu sinni eða tvisvar í einni kynslóð – og ættin blómgast – úrvalið kemur fram –“ Stoker, Bram. *Makt myrkranna*, bls. 47. „Í karlsift ku þar alt fólk hafa verið vanað nema úrvalsið.“ Halldór Laxness, *Kristnihald*, bls. 62.

¹⁰¹ Sama rit, bls. 232.

¹⁰² Sama rit, bls. 238.

¹⁰³ Sama rit, bls. 235.

¹⁰⁴ Sama rit, bls. 271. Skáletrun höfundar.

¹⁰⁵ Sama rit, bls. 291.

Í þriðja kafla þá ræðir Jónatan Harker við Greifann um konu eina er hann hefur rekist á í herbergi sínu, nafnlausu aðalskonuna, og viðurkennir að hún sé mjög ásjáleg. Greifinn svarar þá hæðinn með þessum hætti: „Mjög lagleg, ha, ha, falleg, falleg eins og Venus, eins og Helena – furðuverk náttúrunnar munuð þér vilja segja.“¹⁰⁶

Nokkru síðar í *Makt myrkranna* lýsir Jónatan Harker nafnlausu aðalskonunni með eigin orðum: „... hún beygði dálítið höfuðið, eins og blóm á stofni, með gullbjarta hárinu og grísku hárvafningunum á höfðinu.“¹⁰⁷

Eftir þennan náinn lestur á textunum er ljóst að grundvöll má finna bæði í *Kristnihaldinu* og í *Makt myrkranna* fyrir að kalla bæði Úu og nafnlausu aðalskonuna: Venus Helenu og sjá þær fyrir sér með gríska vafninga í hárinu.

VI.

Lokaorð; höfuðbein úr laxi

Í upphafi ritgerðarinnar var spurt hvort Halldór Kiljan Laxness hefði sótt sýnilegan innblástur við ritun *Kristnihalds undir Jökli* meðal annars í *Drakúla* og/eða *Makt myrkranna*. Hér í lokin er þeirri spurningu svarðað játandi.

Tengsl *Kristnihaldsins* við *Makt myrkranna* eru þar bersýnilegri, bæði vegna beinna ummæla Halldórs um bókina í minningabók sinni *Í túninu heima*, sem og vegna margvíslegra hliðstæðna verkanna á milli sem rakin voru í V. kafla. Má í því sambandi rifja upp hliðstæðurnar milli Nötru og Hnallþóru annars vegar og Úu og nafnlausu aðalskonunnar hins vegar. Vegna lýsinga og nafnatenginga milli Úu og nafnlausu aðalskonunnar virðast tengslin sterkust þar. Því má ímynda sér að persónusköpun Úu, karakters sem fékk fjölmörg einkenni vampíru, séu lykiltengslin. Nafnlausu aðalskonan sem heillaði Jónatan Harker upp úr skónum í verki Valdimars Ásmundssonar virðist hafa fylgt Halldóri alla tíð eins og draugur frá því hann las um hana undir berum himni, tíu ára sauðahirðir,¹⁰⁸ og haft veruleg áhirf á skrif hans er hann vann að *Kristnihaldinu*.

Þau ummæli Halldórs um *Makt myrkranna* í minningabókinni *Í túninu heima* að Drakúla greifi var „ekki síður elskaður þá en núna“ benda til að hann hafi kynnt sér Drakúla frekar en aðeins af lestri þýðingar/skáldverks Valdimars Ásmundssonar.

¹⁰⁶ Stoker, Bram. *Makt myrkranna*, bls. 32.

¹⁰⁷ Sama rit, bls. 41.

¹⁰⁸ „Þegar ég var tíu ára sat ég fé sumarlángt. Mér telst svo til að á því einu sumri hafi ég komist yfir háttí tuttugu „lögbergssögur“, þar voru í meðal Myrtur í vagni, Makt myrkranna og Hinn óttalegi leyndardómur...“ Halldór Laxness, *Sesejú mikil ósköp*, Helgafell: Reykjavík, 1977, bls. 75.

Dæmi um atriði sem eru í *Kristnihaldinu* og *Drakúla* en ekki í *Makt myrkranna* eru að í þeim báðum er fjall tengt guðdóminum nálægt sögusviðinu. Bæði *Drakúla* og *Úu* er lýst með sterkleg andlit, sem verður að teljast óvenjulega sviplýsing. Og í báðum verkum er rætt um afhausanir, nokkuð sem getur ekki talist algengt umfjöllunarefni skáldsagna.

Með þeim tenglum *Kristnihaldsins* við *Drakúla* og *Makt myrkranna* sem rakin hafa verið í ritgerðinni og hintinu sem Halldór Laxness skilur eftir um *Makt myrkranna* og *Drakúlus* greifa í minningabókinni *Í túninu heima*, skilur Halldór eftir skilaboð um enn einn mögulegan leshátt fyrir *Kristnihaldið*. Leshátt sem hann virðist lítt mótfallinn að menn kynni sér, enda opnast þá enn ein merkingarrík sýn á verkið. Sýn sem hér hefur verið reynt að opna á.

Þótt hér hafi verið farið í saumana á nokkrum atriða er tengja verkin þrjú er hér hafa verið til umræðu þá er rannsóknin fjarri því tæmandi og vafalaust á eftir að koma fleira áhugavert tengt þessu efni upp úr dúrnum í framtíðinni.¹⁰⁹

Heimildaskrá

Ásgeir Jónsson, “Drakúla í Bjarnarhöfn”, Bram Stoker, *Makt myrkranna*, ritstj. Dr. Ásgeir Jónsson, Reykjavík: Bókafélagið, 2011.

Bertens, Hans. *Literary Theory*, London and New York. Third edition: Routledge Taylor & Francis Group, 2014.

Bjarni Bjarnason, “Systkinabækurnar Kristnihald undir Jökli og Drakúla”, *Morgunblaðið*, Reykjavík: Árvakur, 2004.

Bjarni Bjarnason, *Boðskort í þjóðarveislu: Gildi, bókmenntir*, samfélag, Reykjavík: Uppheimar, 2009.

Gunnar Kristjánsson dr. theol, „Kassafjalir í gluggum, um embættisrækslu séra Jóns Prímusar“, Reykjavík, Ritroð Guðfræðistofnunar, 2009.

Halldór Laxness, *Í túninu heima*, Reykjavík: Helgafell, 1975.

¹⁰⁹ Ef lesendur þessarar ritgerðar geta bent höfundi á atriði tengd efninu sem honum hefur yfirsétt, eða vilja leiðrétta rangfærslur sem kunna að vera í textanum þá væri hann þakklátur fyrir að fá senda línu þar um: bjarnibjarnason@hotmail.com

Halldór Laxness, *Seisejú mikil ósköp*, Reykjavík: Helgafell, 1977.

Halldór Laxness, *Kristnihald undir Jökli*, Reykjavík: Vaka-Helgafell hf, 1998.

Halldór Laxness, „Persónulegar minnisgreinar um skáldsögur og leikrit“, *Upphaf mannúðarstefnu*, Reykjavík, Helgafell, 1965.

„Nýja Testamenntið“, *Biblían*, Reykjavík, Hið íslenska biblíufélag, JPV útgáfa, 2011.

Miller, Elizabeth. *Reflections on Dracula, Ten essays*, White Rock, BC.Canada: Transylvania press, inc., 1997.

Pétur Már Ólafsson, „Leyndardómsfull furðusaga“, *Kristnihald undir Jökli*, Reykjavík: Vaka-Helgafell hf, 1998.

Snorri Sturluson, *Snorra Edda*, ritstj. Heimir Pálsson, Reykjavík: Mál og menning, 1984.

Stevens, Anthony. *Jung, Om hans liv och verk*, þýðandi Philippa Wiking, Nörhaven: Mån-pocket, 1993.

Stoker, Bram. *Makt myrkranna*, þýð. Valdimar Ásmundsson, Reykjavík: Bókafélagið, 2011.

Stoker, Bram. „Introduction“, *Midnight Tales*, ritstj. Peter Haining, London, Peter Owen Publishers, 1990.

Stoker, Bram. *Dracula*, Hertfordshire, Wordworth Editions Limited, 1993.

Netheimildir

Ármann Jakobsson, „Listin að ljúka ekki skáldsögu“, *Lesbókin*, 1998, sótt 4. október af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/400825/>

Corneel de Roos, Hans. „Makt myrkranna: Mother of all Dracula modifications?“ Letter from Castle Dracula | Official News Bulletin of the Transylvanian Society of Dracula | Issue of 3

Febr 2014, sótt 1. nóvember 2015 af <http://www.mysterious-journeys.com/pdf/letter-feb-2014.pdf>

Fjallkonan. XIX. Árgangur. Nr. 15. Reykjavík, 25. Apríl, 1902.

[http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=149969&pageId=2139356&lang=is&q=Makt myrkranna Bram Stoker](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=149969&pageId=2139356&lang=is&q=Makt%20myrkranna%20Bram%20Stoker)

Fjallkonan. XVII. Árgangur. Nr. 1. Reykjavík, 13. Janúar, 1900.

[http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=149969&pageId=2139356&lang=is&q=Makt myrkranna Bram Stoker](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=149969&pageId=2139356&lang=is&q=Makt%20myrkranna%20Bram%20Stoker)

Svanur Már Snorrason, „Persónur undir Jökli“, Ég get bara dælt fyrir þúsundkall, 2013, sótt 3.

Nóv, af: <http://sveppsvepp.blogspot.is/2013/10/personur-undir-jokli.html>